

7. júní 2013

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**EFNI:** Athugasemdir við drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði á Íslandi.

Landvernd fagnar því að vinna sé farin af stað er snýr að verndun vistgæða vatns og innleiðingu heildstæðrar löggjafar til verndunar á vistgæðum vatna, ferskvatns og strandsjávar.

*Fullyrðing um lítið álag á vatn á Íslandi er ekki stutt rannsóknnum*

Pungamiðja Vatnatilskipunar ESB felst í að vernda vistgæði vatns í álfunni, hindra frekari hnignun þeirra gæða og bæta vötn sem eru í bágu ástandi. Í *Drögum að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands til kynningar* er tekið fram að yfirleitt sé lítið álag á vatn á Íslandi og megi því búast við að vatn hér á landi sé í góðu ástandi. Þessi fullyrðing hefur fengið að hljóma óáreitt um langt skeið. Staðreyndin er samt sem áður sú að lítil innistæða er fyrir fullyrðingunni, þar sem heildstæðar upplýsingar um vistkerfi ferskvatns og strandsvæða sjávar hér á landi eru í reynd brotakenndar. Þessi fullyrðing kann því ekki að standast nánari skoðun og því er beint til skýrsluhöfunda að færa þetta til betri vegar. Í skýrsludrögum er einmitt víða bent á að það vanti frekari upplýsingar og passar það vel við þessa athugasemd Landverndar.

*Um fjöllum nær ekki til mikilvægra álagsþátta*

Nauðsynlegt er að hafa í huga hver rauði þráðurinn er með innleiðingu Vatnatilskipunar ESB. Áherslan er á að vernda vistgæði vatns sem er mun víðtækari verndun en verndun vatns til neyslu. Í þessum fyrstu drögum um vatnasvæði Íslands er aðaláherslan lögð á um fjöllum um álag vegna mengunar. Landvernd telur að horfa verði til mun fleiri þátta í álagi á vatnavistkerfi. Þar má nefna álag vegna framræslu, landbúnaðar, frístundabyggða, malartekju úr ám, fiskeldi í kvíum og þverun fjarða, að ógleymdu álagi vegna vatnsafls- og jarðvarmavirkjana. Sem dæmi má nefna að á vatnasvæði 2 er minnst á álag á Lagarfljót vegna skólps, en ekki rætt um álag vegna Kárahnjúkavirkjunar, þrátt fyrir að í ljós hafi komið marktæk áhrif vegna vatnaflutninga á vistgæði fljótsins og ósasvæðin við Héraðsflóa [þetta kann að vera vegna þess að skýrsludrögin um vatnasvæði Íslands komu fram áður en umræða um Lagarfljót fór af stað fyrri hluta árs 2013].

Þrátt fyrir að sagt sé að á síðari stigum verði aðrir álagsþættir teknir fyrir þarf að vekja athygli á þeim í ríkara mæli en gert er í drögum að skýrslunni. Hættan er alltaf sú að umræðan festist í umfjöllun um sértæka þætti, líkt og mengun, og aðrir mikilvægir álagsþættir verði útundan. Það er einnig mikilvægt að skoða álagsþættina

hvern fyrir sig jafnt sem á heilstæðan hátt og í víðara samhengi en gert er í þessum fyrstu drögum svo greina megir einnig samverkandi áhrif þeirra.

#### *Skolp- og iðnaðarmengun áhyggjuefni*

Skýrsludrögin gefa nokkuð ítarlegt yfirlit yfir hugsanlegt álag vegna mengunar, einkum um skolp- og iðnaðarmengun. Það stingur því aftur í stúf við fullyrðinguna um að yfirleitt sé lítið álag á vatn hérlendis. Fjölmargir staðir eru enn í dag ekki með viðunandi hreinsun á frárennsli og á mörgum þessara staða er vatn talið vera undir álagi vegna mengunar. Þannig vekja upplýsingar um skolpmengun við Akureyri, Húsavík og Keflavík áhyggjur. Einnig virðist vatn undir umtalsverðu álagi við nokkra íbúðakjarna, þ.e. á Laugarvatni, í Árbæjarhverfi Ölfusi, á Eiðum og á Laugum í Reykjadal, þar sem frárennismál eru ekki í nægilega góðu lagi.

Upplýsingar um hugsanlega mengun frá urðunarstöðum á vötn er verulegt áhyggjuefni og þar eins og svo víða er lítið hægt að segja til um raunveruleg áhrif því vöktun og þekkingu skortir. Í þessu samhengi er rétt að benda á gamlar stöðvar Bandaríkjahers. Á þeim stöðum sem herinn var með starfsemi var ýmislegt urðað m.a. efni sem kunna að reynast skaðleg vötnum er þau leysast upp og renna saman við grunnvatnið. Lítið er fjallað um þau mál í skýrslu þessari. Úr þessu mætti bæta.

#### *Lokaorð*

Rétt er að hvetja stjórnvöld, á hvaða stigum stjórnsýslunnar sem er, til að gæta ítrustu varúðar í allri umgengni um vatnaauðlindir landsins þannig að vistgæði vatns skaðist ekki, líkt og kveðið er á um í Vatnatilskipun ESB. Stórefla þarf þekkingu okkar á vatnavistkefum, til að hægt sé að draga upplýstar ályktanir um ástand vatns hér á landi. Við verðum að gera þá kröfu að ályktanir séu byggðar á gögnum, og því þarf að auka rannsóknir og vöktun.

Fyrir hönd Landverndar,

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar.